

Utanríkismálanefnd Alþingis
Einar Farestveit
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. mars 2006
2006030021/42-1
JGO/rsb

Sjálfbær nýting náttúruauðæfa - umsögn um tillögu til þingsályktunar um samstarf Vestur-Norðurlanda, 543. mál

Vísað er til bréfs Utanríkismálanefndar Alþingis frá 16. mars sl. varðandi beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um samstarf Vestur-Norðurlanda um baráttu fyrir sjálfbærri nýtingu náttúruauðæfa, umhverfisvernd og notkun umhverfisvænna orkulinda, 543. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með samþykkt þessarar tillögu til þingsályktunar. Stofnunin vekur athygli á mikilvægi þess að skrásetja lífríki á svæðinu með skipulegum hætti, meta það og vakta og skapa með því grunn fyrir vernd þess og sjálfbæra nýtingu.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

